

Reykjavík, 16. janúar 2023.

FRÉTTATILKYNNING

Í reglubundnu eftirliti í kjúklingaslátrun kom upp grunur um að salmonella hafi greinst í ferskum kjúklingi hjá Reykjagarði hf.

Um er að ræða kjúkling með rekjanleikanúmerin **001-22-49-4-02 og 001-22-49-5-10.**

- Framleiðandi: Reykjagarður hf., Fosshálsi 1, 110 Reykjavík
- Vöruheiti: Holta, Kjörfugl og Krónu kjúklingur.
- **Rekjanleikanúmer: 001-22-49-4-02, pökkunardagur 12.01.2023.**
- **Rekjanleikanúmer: 001-22-49-5-10, pökkunardagur 13.01.2023.**
- Dreifing: Verslanir Krónunnar, Hagkaupa, Nettó, Costco, Kjörbúðarinnar, Heimkaup og Extra.

Í samræmi við gæðastefnu framleiðanda og verklagsreglur, hefur dreifing afurða verið stöðvuð og innköllun hafist.

Neytendur sem hafa keypt kjúklinga með þessu rekjanleikanúmeri eru beðnir að skila vörunni til viðkomandi verslunar, eða beint til Reykjagarðs hf., Fosshálsi 1, 110 Reykjavík. Beðist er velvirðingar á óþægindum sem af þessu hljótast.

Tekið skal fram að ef áprentuðum leiðbeiningum á umbúðum er fylgt er þessi kjúklingur hættulaus fyrir neytendur. Gætið þess að blóðvökvi berist ekki í aðra matvöru og steikið vel í gegn.

Athugið að innköllun á eingöngu við um kjúkling með ofangreindum tilteknum rekjanleikanúmerum.

Nánari upplýsingar:

Reykjagarður hf. s. 575 6440.

